
Dagur
Miðvikudagur 9. febrúar 2000

BSV
Bifreiðaverkstæði
Sigurðar Valdimarssonar
Óseyri 5 - Sími 462 2520 - Akureyri
BÍLASALA - Sími 461 2960

Það á ekki að þurfa skandal

Það blasir óvenjuleg sjón við þeim sem líta inn á Kjarvalsstaði þessa dagana. Daði Guðbjörnsson myndlistarmaður stendur alla morgna við vegginn í miðrými safnsins, önnum kafinn við að búa til listaverk. Þetta myndi kannski ekki teljast skrýtið ef gerningurinn væri ekki hluti af sýningu sem kallast Veg(g)ir og fyrirhugað er að ljúki um leið og verkið er tilbúið.



Daði Guðbjörnsson verður á Kjarvalsstöðum alla daga frá klukkan 10 til 12 og á sunnudögum klukkan 16 fram til 24. febrúar að mála Veg(g)inn.

Daði fékk þrjár vikur til að skapa listaverk á veggnum á eftir Hlyni Hallssyni sem hélt þar *dagbók í máli og myndum á undan honum*. Á meðan Hlynur átti vegginn gátu gestir og gangandi fylgst með daglegu lífi hans og dótturinnar Lóu, sem fylgdi föður sínum í listrænum erindagjörðum hans á Íslandi á meðan aðrir fjölskyldumeðlimir voru heima hjá sér í Hannover. Í dagbókinin var hægt að lesa allt um hversdagsleg ævintýri þeirra feðgina, draumfarir strætóferðir og heimsóknir til ættingja og vina.

Þegar dagbókarskrifunum lauk 27. janúar var haldið upp á það og Daði tók við. Dagbókin var samt ekki „tekin niður" eins og venja er með listaverk í lok sýninga, heldur var málað yfir hana. Daði er því þessa dagana að mála ofan á verk Hlyns.

Ekki vanur stórum flötum

Daði Guðbjörnsson er ekki vanur að mála á svona stóran flöt, hvað þá á veggi. „Það er eiginlega hagkvæmara að vinna á stóran flöt. Maður er fljótari. Vandamálin við gerð myndar á litlum fleti eru meiri. Ég nota líka akríl á vegginn, en ekki olíu eins og ég er vanur, og þess vegna líkist vinnan meira teikningu," segir listmálarinn.

„Ég gat ekki notað olíuna af því hún er minnst viku að þorna. Vinnan verður miklu hægari þótt hægt sé að hreyfa litinn blautan. Á móti kemur að olíuliturinn er miklu hlýrri. Það má líkja muninum á olíu og akríl við muninn á gleri og plexigleri," segir Daði og bætir við að hann vilji ekki gera lítið úr *akríllitnum þótt hann noti hann aldrei*. „Ég tók formlega við veggnum á fimmtudaginn en það tók tæpa tvo daga að gera allt klárt áður en ég gat byrjað," heldur hann áfram.

Pírumpár og krúsídúllur

Á vegginn eru komnir tveir gráir fletir sem byrja í punkti við miðjuna en stækka eftir því sem nær dregur endunum. Undir þeim og á milli þeirra er Daði byrjaður að mála „pírumpárið" sem einkennir verk hans.

„Ég nota þá tækni að fylla út í flötinn með mótífum til að stýra myndinni og leysi þannig mörg vandamál. En þetta eru sterk form og þess vegna þarf lýrísk form á móti. Pírumpárið og krúsídúllurnar mynda einskonar áru utan um fletina líkt og í málverkunum *mínum*. *Þau eru það sem ég kalla* myndlistina, „ segir hann. „Yfirleitt eru mótífin kveikjan að myndum mínum en ég stefni á að fjarlægjast þau og konseptið sem er minn bakgrunnur í listinni. Það er búið að taka mig tuttugu ár að reyna að brjótast undan því til að verða alvöru listamaður."


- Áttu við að málverkið sé alvöru?

„Og tilfinningin. Samt vinn ég af skynsemi. Ég sá í þættinum um Mannslíkamann að við eyðum mestri orku í að sjá. Myndlistarmenn hafa valið sterkasta hluta heilans til að vinna með," segir Daði og er kominn á flug. „Ég legg mikið upp úr því að verkin mínu séu sjónræn og að mikið sé að gerast í myndinni. Hún segi allt sem segja þarf."

Sjá verkin þróast

- Finnst þér allt í lagi að það eigi eftir að mála yfir þitt verk á veggnum?

„Já, mér finnst það. Ég er ekkert óvanur því að myndirnar mínar hverfi og að ég sjái þær aldrei aftur. Það verða teknar af því ljósmyndir og vegna þess hvernig það er unnið get ég mögulega notað það sem skissu að öðru verki. „



Hér sjáum við yfir dagbók Hlyns Hallssonar á veggnum í miðrými Kjarvalsstaða. Málað var yfir dagbókina um helgina svo Daði Guðbjörnsson gæti tekið við.

- Hvað finnst þér um þetta framtak Kjarvalsstaða?

„Mér finnst hugmyndin góð. Þetta gefur venjulega fólki kost á að sjá hvernig myndlistarmenn vinna og hvernig verk þróast. Tilraunin virkaði fullkomlega hjá Hlyni," segir Daði sem hefur ákveðnar skoðanir þróun mála í myndlistarheiminum síðustu áratugina.

Nógu langt gengið

„Þetta framtak er til marks um það að nú orðið þarf allt að vera atburður. Það er ekki nóg að mála mynd. Myndlistarmenn þurfa helst að gera allt annað fyrst. Málaralistin geldur fyrir þetta af því hún er ekki show heldur einstaklingsathöfn. Það sem ég er að gera hér eru því ekki vinnubrögð sem ég á eftir að temja mér í framtíðinni."


- Er Losti ekki ágætt dæmi um myndlistarsýningu þar sem allt gerist á undan sjálfri opnuninni?

„Hún er það. Í lok sjötta áratugarins notaði Yves Klein naktar konur til að dreifa málningu á strigann og stökk svo niður af húsi til að vekja á sér athygli. Jeff Koons gekk lengst þegar hann giftist ítölsku klámstjörnunni Ciccolinu og tók af þeim pornomyndir í lok níunda áratugarins. Þá fannst mér myndlistin vera komin meira út í auglýsingamennsku og langaði í venjuleg tengsl við myndina sem slíka.

Ég vil ekki að fólk þurfi að setja sig í stellingar til að geta notið málverks. Það á ekki að þurfa neinn skandal eins og þann sem varð á Sensations sýningunni í Brooklyn vegna þess að ungur svartur málari hafði málað guðsmóðurina svarta. Olifi er fínn málari jafnvel þótt ekki sé búinn til um það skandall," segir Daði Guðbjörnsson trúr málverkinu.

-MEÓ.

SPJALL



„Ég skil það mjög mjög vel að Íslendingar elski tungumálið sitt og vilji geyma það hreint og tært. Það er jú sérkenni Íslendinga að þeir tala þetta tungumál. Ef gert er of mikið úr því þá getur það breyst í fordóma," segir Toshiki Toma, prestur nýbúa.

Tungumál ekki viðmið um mannkosti

Toshiki Toma er prestur nýbúa. Hann hefur gagnrýnt það þegar útlendingar reyni að tala íslensku séu margir sem hlusti ekki á hvað þeir séu að segja heldur hvernig þeir segi það og segir að hér á landi ríki skurðgoðadýrkun.

„Ég segi reyndar ekki að allir geri það en þetta er ómeðvitað að tungumálið eða menning Íslendinga er dýrkuð eins og Guð. Ég segi ekki beint að þetta séu kynþáttafordómar en það getur þróast í fordóma gagnvart annarri menningu eða öðrum kynþáttum. Við höfum fá tækifæri til þess að tjá skoðanir okkar. Við eigum ekki auðvelt með að skrifa greinar í blöðin því að við notum annað tungumál sem er ekki móðurmál okkar. Þegar við komum svo í sjónvarp eða útvarp þá er það erfiðara, vegna þess að talað mál er erfiðara heldur en ritað mál. Það er erfitt fyrir okkur að tala mjög fína, fallega og góða íslensku."

- Ber þetta ekki vott um mikilvægi tungunnar?

„Ég skil mjög vel að Íslendingar elski tungumálið sitt og vilji geyma það hreint og tært. Það er jú sérkenni Íslendinga að þeir tala þetta tungumál. Ef gert er of mikið úr því þá getur það breyst í fordóma gagnvart öðru fólki sem getur ekki talað íslensku eins og fólk sem hefur hana sem móðurmál. Ég er ekki að vanmeta það sem er dýrmætt í íslenskri tungu. Hinsvegar *má tungumálið ekki verða viðmið* til þess að meta mannkosti annarra. Jafnvel þó að við getum ekki talað íslensku almennilega eða erum vanhæf að tjá okkur á íslensku. Þá á það ekki að skipta neinu máli fyrir okkur sem manneskjur.

Ég ber mikla virðingu fyrir tungumálinu og það er ekki vandamál að vilja varðveita það. Ég kem frá Japan og við höfum miklar áhyggjur af tungumáli okkar. Við þurfum að nota ensku eða frönsku í okkar tungumáli. Japanskan er mjög falleg en hún er að vissu leyti að tínast. Ég sé enga sérstaka lausn á þessu nema þá þegar Íslendingar mæta útlendingum með litla tungumálsgetu þá eiga þeir að virða það. Sem einn af útlendingum á Íslandi óska ég þess að Íslendingar geti losnað við miskilning eða fordóma," segir Toshiki Toma. -PJESTA